



Tilkynning um breytingar sem hafa áhrif á öryggi og/eða aðbúnað áhafnar og farþega

Breytingar sem hafa áhrif á öryggi og/eða aðbúnað áhafnar og farþega flokkast sem meiriháttar breytingar. Lesa má um ítarlegt ferli vegna breytinga inn á síðunni: [Breytingar á skipum og bátum | Ísland.is \(island.is\)](#)

Sé fyrirhugað að framkvæma breytingu sem hefur áhrif á mælingu skips, sjóhæfni og stöðugleika skal útgerð:

- a. Senda Samgöngustofu rafræna beiðni um yfirferð á og samþykkt smíðalýsinga, teikninga og annarra gagna. Sjá RAF-0036, <https://eydublod.samgongustofa.is/20635888934085683785>
- b. Senda skal Samgöngustofu upplýsingar um eftirfarandi, eftir því sem við á:
 - a. Teikningar sem sýna eftirfarandi:
 - Breytingar sem gerðar hafa verið.
 - Burðarpolsútreikningar ef breyting hefur áhrif á burðarþol.
 - b. Upplýsingar um þyngdarbreytingar og áhrif breytinganna á þyngdarpunkts skips og stöðugleika.
 - c. Áhrif breytinganna á burðargetu skipsins.

Við meiriháttar breytingu gæti þurft að breyta skráningu skips ásamt því að gefa út nýtt mælibréf og þjóðernisskírteini fyrir skip stærra en 15 m. Fyrir báta undir 15 m þarf að gefa út nýtt mælibréf og skrásetningarskírteini.

Samgöngustofa getur óskað eftir viðbótargögnum telji stofnunin tilefni til þess vegna breytinga.